

# Fundur í skólanefnd Framhaldsskólans á Húsavík fimmtudaginn 7. mars 2013

Kl. 16:15-17:15

**Mættir voru:** Dóra Ármannsdóttir, Herdís Þ. Sigurðardóttir, Hjördís Eva Ólafsdóttir, Erna Björnsdóttir, Margrét Hólm Valdsóttir, Hanna Ásgeirsdóttir, Trausti Aðalsteinsson, Guðrún Árný Guðmundsdóttir og Reynir Örn Hannesson.

**Forföll boðaði:** Þorkell L. Þórarinsson og kom Hanna Ásgeirsdóttir í hans stað.

**Fundarstjóri:** Dóra Ármannsdóttir.

**Fundarritari:** Herdís Þ. Sigurðardóttir.

## 1. Afstaðnir dillidagar

Dóra sagði frá dillidögum sem haldnir voru 25. febrúar til 1. mars sl. Dillidagar gengu vel og voru nemendur duglegir að afla styrkja til að fjármagna ýmsa viðburði. Árshátíð gekk vel að mestu leyti. Lítillega bar þó á ölvun og þyrfti að auka eftirlit með slíku á næsta ári.

## 2. Skólasamningur við menntamálaráðuneytið

Dóra kynnti skólasamning sem undirritaður var 13. febrúar sl. og gildir út árið 2014. Menntamálaráðuneytið gerði ekki athugasemdir við samninginn. Verið er að vinna í móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku.

## 3. Nýja námskráin

Herdís kynnti stöðuna á námskrárvinnu í FSH. Hún sagði frá áfanganum Listir, menning og vísindi sem verið er að leggja lokahönd á. Jafnframt greindi hún frá því hvernig gengur að móta nýjar brautalýsingar.

## 4. Önnur mál

Dóra sagði frá því að Elín Kristjánsdóttir bókavörður verður í launalausum leyfi út vorönn 2013. Kristín Magnúsdóttir og Hjördís Eva Ólafsdóttir leysa hana af. Jafnframt greindi Dóra frá kynningarfundum sem haldinn var með foreldrum nemenda í 10. bekk Borgarhólsskóla 5. mars sl. og sagði frá því að nemendur í 10. bekk Borgarhólsskóla væru væntanlegir í skólaheimsókn þann 19. mars nk.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið.